



Selfossi, 17. apríl 2012
1202001SA PH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1775
komudagur 17.4.2012


Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 598.mál

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 13. apríl sl., var eftirfandi umsögn samþykkt um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 598. mál.

Stjórn SASS gerir alvarlegar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem beinast að því auka tilkynningaskyldu vegna framkvæmda. Það þýðir að mun fleiri smærri framkvæmdir verða tilfynningaskyldar sem mun óhjákvæmilega leiða til aukins kostnaðar og tafa á framkvæmdum. Í skýrslu Ásdísar Hlakkar Theódórsdóttur og Sigbjörns Þórs Birgissonar um mat á umhverfisáhrifum sem kom út nýlega og byggist á reynslu árána 2004 til 2009 kemur skýrt fram að fremur sé ástæða til að að fækka þeim framkvæmdum sem eru tilkynningarskyldar en að fjölga þeim. Auk þess er ljóst að umræddar breytingar munu leiða til aukins álags fyrir sveitarfélögin með tilheyrandi kostnaði. Stjórn SASS leggst því alfarið gegn samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri